

## 4. gr.

Hið árlega holræsagjald, sem og tengigjald, getur hreppsnefndin hækkað og lækkað eftir ástæðum, um allt að 50%.

136

8. ágúst

## 5. gr.

Húseigendur hera ábyrgð á greiðslu tengigjalds og holræsagjalds gagnvart hreppsnefnd. Kröfur, sem hreppsnefndin kann að öðlast samkv. reglugerð þessari, má taka lögtaki á kostnað gjaldanda, og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Gjalddagi holræsagjaldsins er 1. júní ár hvert.

## 6. gr.

Ákvæði 1. og 3. greinar reglugerðar þessarar ná til holræsa þeirra, er hreppurinn lét leggja 1945 sem og Búðarárræsis.

## 7. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 1000.00, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari, skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 8. ágúst 1947.*

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

*Gisli Jónasson.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Halldórs Kristins Haraldssonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 11. ágúst 1947.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Halldórs Kristins Haraldssonar.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Halldórs Kristins Haraldssonar.

## 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnilega Svarfdælinga til búnaðarnáms.

## 3. gr.

Sjóðurinn er myndaður með 300 króna gjöf frá fjölskyldunni í Bakkagerði og félögum í U.M.F. Þorsteinn Svörfuður.

137

11. ágúst

4. gr.

- Ætlast er til að sjóðurinn fái tekjur sínar á þann hátt, er hér greinir:
- Árlegt framlag frá U.M.F. Þorsteinn Svörfuður, er sé 10% af nettótekjum félagsins ár hvert þar til sjóðurinn er orðinn 10000 — tíu þúsund — krónur, þó aldrei minna en 25 krónur á ári.
  - Með gjöfum einstakra manna og félaga.
  - Með áheitum og dánarminningum.

5. gr.

U.M.F. Þorsteinn Svörfuður er falin forsjá og efling sjóðs þessa, og kýs það á aðalfundi sínum ár hvert þrjá menn í stjórn sjóðsins og tvo endurskoðendur.

6. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 10000 — tíu þúsund — krónur, má byrja að úthluta styrkjum úr honum, þó aldrei meira en þrem fjórðu árlegra vaxta. En þegar sjóðurinn er orðinn 15000 — fimmtán þúsund — krónur, er leyfilegt að verja til styrktar úr honum öllum árlegum tekjum hans.

7. gr.

Verkefni sjóðsstjórnar er:

- Að ávaxta sjóðinn á sem hagfeldastan hátt hjá tryggri lánsstofnun, og hafa með höndum allt reikningshald hans. Skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga sjóðsins á aðalfundi U.M.F. Þorsteins Svörfuður ár hvert.
- Sjóðstjórninni ber að ákveða hverjir njóta skulu styrkja úr sjóðnum á hverjum tíma.
- Stjórnin skal halda skrá yfir allar tekjur sjóðsins, samkvæmt b- og c-lið 4. gr.
- Heimilt er stjórninni að verja fé úr sjóðnum til útgáfu minningarspjalda.

8. gr.

Reglugerð þessa má endurskoða að fimm árum liðnum, þó skulu þrjár fyrstu greinar hennar ætíð standa óbreyttar.

9. gr.

Þó að U.M.F. Þorsteinn Svörfuður leysist upp, skal sjóðurinn halda áfram að starfa undir umsjá hreppsnefndar Svarfaðardalshrepps.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

138

11. ágúst

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Jóns Högnasonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 11. ágúst 1947. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jóns Högnasonar.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður til minningar um Jón Högnason, Vestmannaeyjum, af bróður hans, Ólafi Högnasyni.

Stofnfé sjóðsins er 1000 — eitt þúsund — krónur.